

Byggðasafn Dalamanna

Laugum í Sælingsdal

Ársskýrsla 2011

Þó ýmislegt hafi áunnist á árinu er mikið starf enn óunnið til bæta aðstöðu á safninu. Ákveðin festa er þó komin í starfsemi safnsins við að ráðningu safnvarðar til lengri tíma en eins árs. Hægt er að þróa, skipuleggja og taka ákvarðanir varðandi starfsemina fram í tímann. Og jafnvel þó að á stundum þyki hægt ganga að komast yfir allt sem þörf er á, er nauðsynlegt að minna sig reglulega á að ekki er hægt að gera allt í einu.

Stjórn safnsins

Stjórn safnsins skipar Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar. Í nefndinni sitja Herdís Erna Gunnarsdóttir kennari í Búðardal formaður, Halla Sigríður Steinólfsdóttir bóndi í Ytri-Fagradal, Íris Björg Guðbjartsdóttir skólaliði í Búðardal, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi í Þurranesi og Jón Egill Jóhannsson bóndi á Skerðingsstöðum. Í varastjórn sitja Kolbrún Jónsdóttir Haukdal forstöðumaður á Fellsenda, Óskar Ingi Ingason prestur í Búðardal, Eyjólfur Ingvi Bjarnason nemi í Ásgarði, Rebecca C. K. Ostenfeld bóndi í Hólum og Freyja Ólafsdóttir kennari í Búðardal.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 50% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 25% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður.

Sjálfboðaliðar við afleysingar í sumaropnun voru Björn Stefán Guðmundsson fyrrv. kennari og safnvörður og Guðbjörg Björnsdóttir kennari. Þá dvaldi Sigríður Ósk Jónsdóttir 8 ára grunnskólanemi nokkra daga á safninu og var með barnaleiðsögn.

Þá kom allnokkur hópur að tillögugerð og umræðum varðandi endurskipulagningu sýningarýmis safnsins. Góð ráð og gagnrýni á tillögur eru ómetanlegar við allt þróunarstarf.

Stofnskrá

Ný stofnskrá Byggðasafns Dalamanna frá 2010 bíður enn samþykkis safnaráðs. Unnið var að nýrri söfnunar- og sýningarstefnu. Allar þessar stefnur miða að varðveislu menningararfs Dalamanna.

Húsnæði

Aðstaða safnsins er lítið breytt og er eins og hún hefur verið síðastliðin 10-30 ár.

Fyrir sumaropnun voru málaðir nokkrir ómálaðir veggir í hluta sýningarýmis, auk annarra smávægilegra breytinga og endurbóta.

Sumarið var nýtt til að endurskipuleggja nýtingu á húsnæði safnsins og forgangsraða þeim verkefnum. Í nýju skipulagi var unnið útfrá nokkrum lykilþáttum. Bæta þarf aðstöðu til að taka á móti hópum, bæði hvað varðar eftirlit og þjónustu við gesti. Einstakir munir og sýningar séu betur varðar og njóti sín betur á sama tíma. Skapa þarf rými fyrir tímabundnar sýningar og geymslurými. Aðrir þættir sem huga þurfti að var bætt loftræsting, hiti, rakastilling og brunavarnir.

Að sumaropnun lokinni var hafist handa við endurbætur á safninu. Byrja þurfti á að taka niður megnið af sýningunum, en sumar hverjar hafa staðið óhreyfðar frá árdögum safnsins.

Reyndist það jafnvel enn meiri vinna en gert var ráð fyrir. Aðrar framkvæmdir hófust ekki fyrr en eftir áramótin 2012.

Á árinu náðist að hreinsa annan lagnagang af utanaðkomandi dóti og flytja muni sem voru í geymslu undir sviði íþróttahússins inn á safnið. Við það eru allir munir safnsins komnir á sama stað. Á árinu var haldið áfram að yfirfara muni í geymslum og innan safnsins.

Vatns- og frárennislagnir liggja í lofti safnsins; heitt og kalt vatn auk skolps. Viðvörunarkerfi með vatnskynjurum er á safninu. Er það til mikilla bóta ef um minni leka er að ræða, en ekkert verður þó að gert spryngi heitavatnsrör yfir safninu.

Merkingar utan safnsins voru bættar, bæði vegmerkingar og merkingar utanhúss. Nýtt skilti á tengibyggingu var hannað og málað af Guðbjörgu Björnsdóttur í Sælingsdalstungu. Er það í samræmi við stefnu safnsins að heimamenn fái notið sín við listsköpun og handverk við uppbyggingu safnsins.

Safnkostur, skráningar og forvarnir

Safninu bárust nokkrar gjafir á árinu. Stærstur hlutinn er innbú og ljósmyndasafn frá Hnúki í Klofningi. Auk þess bárust safninu fleiri munir tengdir Dölunum. Einnig fundust munur í geymslum safnsins sem ekki höfðu verið skráðir í aðfangaskrá safnsins.

Unnið var að ítarskráningu muna og undirbúningi áður en ný útgáfa Sarps myndi líta dagsins ljós. Áfram var unnið að því að bera kennsl á fólk á ljósmyndum eftir því sem tækifæri gefast.

Lítil forvarsla var á safngripum. Nokkrum viðkvæmum gripum var þó komið fyrir á betur vörðum stöðum á safninu og nokkrum eldri bókum komið fyrir í Héraðsskjalasafni Dalasýslu yfir vetrarmánuðina.

Sýningar, miðlun og rannsóknir

Nokkrar lagfæringar voru gerðar á sýningum safnsins eftir því sem aðstæður leyfa. Tveimur nýjum örsýningum var bætt við fastasýningarnar. Handavinna Margrétar Þorleifsdóttur frá Staðarfelli veturinn 1939-'40 var til sýnis, en um er að ræða heilsteypt safn handavinnu húsmæðraskólanema. Þá var og sýning á samtímahandverki. Annars vegar þá muni sem unnu

þrjónasamkeppni Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu; árið 2009 eftir Guðrúnu Guðmundsdóttur húsfreyju í Magnússkógum og árið 2010 eftir Aldísi Ósk Sigvaldadóttur kaupakonu á Gillastöðum. Hins vegar voru til sýnis leirmunir eftir Guðbjörgu Björnsdóttir í Sælingsdalstungu og Sigríði Erlu Guðmundsdóttur í Stykkishólmi, en hún vinnur með leir úr Dölunum.

Svigrúm til tímabundinna sýninga og breytinga á eldri sýninga hefur ekki verið mikið vegna þrengsla á safninu og geymslum. Sýningarrými safnsins er yfirfullt vegna skorts á geymslurými og því nauðsynlegt að koma þeim málum í lag áður en hægt verður að koma upp tímabundnum sérsýningum.

Eldri samningar við Ungmenna- og tómstundabúðirnar gerðu ekki ráð fyrir aðkomu safnvarðar að þeirri safnfræðslu og var hún alfarið í höndum starfsfólks búðanna. Auðurskóli hefur ekki enn sýnt því áhuga að nýta sér þjónustu safnsins til skólafræðslu.

Safnið stóð ekki fyrir neinum viðburðum á árinu, fyrirlestrum né nokkurri útgáfustarfsemi.

Rannsóknir á vegum safnsins árið 2011 vörðuðu nær allar söfnun ítarupplýsinga varðandi einstaka muni og sögu þeim tengdum.

Opnunartímar og aðsókn

Safnið var opið daglega 1. júní til 31. ágúst kl. 12-17. Opnunartíminn var færður fram um klukkutíma frá fyrra ári. En að fenginni þeirri reynslu verður opnunartíma aftur breytt til kl. 13-18, þar sem stór hluti gesta er að koma rétt fyrir og eftir kl. 17, meðal annars ferðahópar sem dvelja á Hótel Eddu í sömu byggingu. Safnið er síðan opnað eftir samkomulagi utan þess tíma. Vegna endurbóta og þrengsla á safninu varð þó að hafa það lokað frá 1. september, með þeirri undantekningu að starfsmannafélag Þjóðskjalasafns fékk að skoða þann hluta sem sýningarhæfur var í október. Skólabúðirnar á Laugum höfðu aðgang að safninu á vormánuðum samkvæmt eldri samningum.

Skráðir gestir á árinu voru alls 465, fækkun um 132 milli ára. Hugsanlegar skýringar eru nokkrar. Vorið var mjög kalt og fáir ferðamenn á svæðinu allt fram í júlíbyrjun. Þá voru miklar endurbætur utanhúss á Laugum meginþorra sumars, að stærstum hluta framan við safnið og aðgengi að því oft takmarkað af þeim völdum. Gestir utan fast opnunartíma voru 154, sem er hærra hlutfall en áður.

Íslendingar voru 430 og erlendir gestir 35. Börn voru 59, þar af 34 í skólaheimsókn. Eldri borgarar voru 183, þar af 129 í þremur hópum. Almennir gestir voru því 223.

Því til viðbótar komu skólahópar á vegum Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ, en nokkuð virðist enn skorta á að þar sé gætt nægjanlega að nemendur skrái sig og tölur því ekki ábyggilegar.

Rétt er að taka fram að miðað við uppsetningu og aðgengi um safnið hefur verið erfitt að taka á móti stærri hópum inn á safnið. Bæði er erfitt um vik að hafa eftirlit sem og veita þá þjónustu sem æskilegt er. Stærsti hópurinn sem kom inn á safnið var 70 manna hópur eldri sjúkraliða og má segja að þar hafi reynt nokkuð á þolmörk safnsins.

Mat á starfsemi

Ekki þóttu forsendur til að gera skipulagðar skriflegar skoðanakannanir á árinu. En þess var gætt að gefa safngestum gott tækifæri til að tjá sig um safnið og sýningar þess. Þá var vel fylgst með hvernig gestir fóru um og skoðuðu safnið. Voru allar þessar upplýsingar notaðar til að bæta sýningarnar eftir því sem unnt var og verða nýttar frekar við áframhaldandi þróun á sýningum safnsins. Fengust með þessu móti margar góðar og gagnlegar ábendingar um hluti sem hægt er leysa á einfaldan og ódýran hátt.

Byggðasafn Dalamanna Laugum í Sælingsdal

Rekstrarreikningur 2011

	Gjöld	Tekjur	Hlutfall
Tekjur			
Aðgangseyrir		172.000 kr.	4,4%
Dalabyggð -laun		2.496.016 kr.	64,5%
Safnasjóður		1.200.000 kr.	31,0%
Tekjur samtals		3.868.016 kr.	100,0%
Gjöld			
Launakostnaður	2.496.016 kr.		80,2%
Skrifstofukostnaður	36.427 kr.		1,2%
Viðhald og endurbætur	86.843 kr.		2,8%
Sarpur	29.176 kr.		0,9%
Öryggisgæsla	70.422 kr.		2,3%
Tryggingar	10.906 kr.		0,4%
Skilti	200.690 kr.		6,4%
Þjónustumiðstöð	63.000 kr.		2,0%
Húsnæði	120.000 kr.		3,9%
Gjöld samtals	3.113.480 kr.		100,0%
Rekstrarhagnaður		754.536 kr.	
Alls	3.868.016 kr.	3.868.016 kr.	